

Kennari	Hannesína Scheving hannesina@vma.is	Sk.st.	HAN
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um hjúkrun sjúklunga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: taugakerfi, innkirtlakerfi, ónæmiskerfi og stoðkerfi. Auk þess er fjallað um smitgát, sár og sárameðferð, verki og verkjameðferð. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- mikilvægi hjúkrunarskráningar
- hjúkrun sjúklunga með sjúkdóma í tauga-, innkirtla-, ónæmis- og stoðkerfi
- smitgát, sárum og sármeðferð, verkjum og verkjameðferð
- algengum sáraumbúðum og mismunandi notagildi þeirra
- undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- smitgátarvinnubrögðum
- verkjameðferð annarri en lyfjum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í áfanganum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra sjúklunga
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu
- nota viðeigandi smitgátarvinnubrögð
- nota mismunandi sáraumbúðir
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga
- nota mismunandi verkjameðferðir

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í að undirbúa skjólstæðinga fyrir rannsóknir og aðgerðir
- nýta sér hjúkrunarskráningu í starfi
- sýna smitgát í verki
- bregðast við breytingum á ástandi sjúklings á faglegan hátt
- miðla upplýsingum um mismunandi verkjameðferðir
- miðla þekkingu sinni í þverfaglegri vinnu
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs m.t.t. áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsmönnum og heilsu
- útskýra almennan og sérhæfðan undirbúning og eftirlit sjúklunga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir

Námsgögn: Hjúkrun 2. þrep. Hjúkrun fullorðinna. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2015 af Iðnú.



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Innlögn á sjúkrahús, undirbúningur og rannsóknir, maga og ristilspeglanir. Eftirlit eftir aðgerð og fylgikvillar skurðaðgerða 15. kafli: Hjúkrun einstaklinga með mjaðmarbrot/gervilið 16. Kafli: Hjúkrun einstaklinga með beinþynningu	Verkefni	4%
Lota 2	13. kafli: Hjúkrun einstaklinga með taugasjúkdóma 14. kafli: Hjúkrun einstaklinga með sykursýki	Raunveruleg viðfangsefni Verkefni	10% 4%
Lota 3	17. Kafli: Hjúkrun einstaklinga með gigtarsjúkdóma 18. kafli: Dauðhreinsaðar aðferðir	Tímapróf Verkefni	10% 4%
Lota 4	19. Kafli: Hjúkrun einstaklinga með sár 20. kafli: Hjúkrun sjúklinga með verki	Kynning á raunverulegu viðfangsefni Heimapróf á kennsluvef	3% 5%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Skrifleg skilaverkefni	Þrjú skrifleg skilaverkefni (3x4%)	12 %
Tímapróf	Annarpróf í tíma	10 %
Heimapróf	Eitt heimapróf á kennsluvef	5 %
Raunveruleg viðfangsefni	Unnið með hjúkrunarsögu og hjúkrunarferli.	10%
Kynning	Kynning á raunverulegu viðfangsefni.	3 %
Lokapróf	Lokapróf í annarlok. Lágmarkseinkunn 4 til að aðrir matsþættir gildi.	60%
Samtals:		100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
 Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.

Dagsetning: 16 08 2021

Hannesing Sh
 Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
 Undirritun brautarstj., fagstj eða stuðgengils